

30. mars 2020

Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

EFNI: Athugasemdir varðandi tillögu að deiliskipulagsbreytingu á hestaípróttasvæðinu á Varmárbökkum sem auglýst var 24. Febrúar 2020.

Ég fagna því að mögulegt er að fjölga hesthúsalóðum á svæðinu austan við Flugubakka sem fellur vel að núverandi byggð. Ég tel hinsvegar að fyrirhuguð þétting innan hesthúsahverfisins, komi til með að þrengja að því sem fyrir er og með þéttingunni verði gengið á almannarými, andrými, sem er mikilvægt fyrir bæði hesta og menn. Þá kemur skerðingin á byggingarreitnum fyrir stækkun reiðhallarinnar til með að draga úr framtíðarmöguleikum á stækkun reiðhallarinnar.

Athugasemdir:

- Geri ekki athugasemdir við stækkun byggingareita við einstök hesthús og þriggja byggingarlóða austan Flugubakka
- Lagst er gegn fyrirhugaðri þéttingu byggðar í hesthúsahverfinu sem kemur til með að þrengja að því sem fyrir er og með þéttingu verði gengið á almannarými, andrými, sem er mikilvægt fyrir bæði hesta og menn. „Naflinn“ svæðið fyrir austan Blíðubakka og sunnan og ofan Flugabakka 1 þar sem tillagan gerir ráð fyrir byggingareit er nú notað af hestamönnum sem samkomustaður og sem athafnasvæði fyrir fermingu á hestum og heyi. Fyrir eina byggingarlóð er verið að skerða gæði félagsmanna mjög mikið sem vegur mun meira en sem nemur fjölgun hesthúsalóða sem hægt er að koma fyrir annarstaðar.
- Ég leggst alfarið gegn breytingu á gildandi deiliskipulag vestan við Drífubakka. Nauðsynlegt er að halda þessu svæði frá því sem er til að tryggja framtíðar stækkun reiðhallarinnar og aðstöðu félagsmanna.
- Ég leggst alfarið gegn því að gerð verði byggingarlóð neðst við Skuggabakka.

Ég óska eftir að skipulagsnefnd og bæjarstjórn taki efnislega afstöðu til þessara athugasemda og tillit til þeirra við endanlega afgreiðslu málsins.

Virðingafyllt

Margrét Björk Magnúsdóttir

Félagi í Hestamannafélaginu Herði og hesthúsaeigendafélaginu á Varmárbökkum Mosfellsbæ.

Afrit sent á bæjarstjórn Mosfellsbæjar. Hestamannafélagið Hörð.